

Föstudaginn 15. desember 1989.

Nr. 151/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)
 gegn

Jóhannesi Guðmundssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Bjarni K. Bjarnason, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 12. apríl 1989 að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu. Af þess hálfu er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd. Þá er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar. Til vara er krafist mildunar refsingar. Krafist er þeirrar breytingar á vöxtum vegna bótakrafna í 6.-8. lið ákæru, að dæmdir verði hæstu innlánsvextir. Þá er krafist málsvarnarlauna.

Ómerkingarkrafa ákærða er í fyrsta lagi rökstudd með því, að ákæra hafi ekki verið birt á fullnægjandi hátt. Ákærði kom fyrir sakadóm 16. mars 1989. Var þá bókað: „... er mættur í réttinum Jóhannes Guðmundsson ... Mættum eru kynnt fram lögð skjöl, sem hann kannast við, að varði málið. Honum er afhent afrit ákæruskjals...“ Þó að bókun beri eigi ljóslega með sér, að ákæran hafi verið lesin fyrir ákærða, eins og tíðkað er, þegar ákæru eru birtar í dómi, verður héraðsdómur eigi ómerktur vegna ágalla á birtingu ákæru.

Í öðru lagi er því haldið fram til stuðnings ómerkingarkröfunni, að dómsrannsókn málsins hafi verið ófullkomin og ákærði ekki verið spurður um hvern einstakan tékka, sem um er fjallað í málinu. Í bókun, sem ákærði hefur undirritað, er þess þó getið, að hann hafi fyrir sakadómi lýst sig hafa útfyllt alla tékkana. Einnig segir: „Ákærður skýrir sjálfstætt spurður nánar frá atvikum á sama veg

og hjá rannsóknarlögreglu...,fer yfir skýrslur sínar þar og staðfestir sem réttar.“ Eru ekki efni til að ómerkja héraðsdóm af fyrrgreindri ástæðu.

Þá er talið, að ómerkja beri héraðsdóm vegna þess, að í forsendum hans, þar sem efni ákæru er lýst, er ekki getið þess tékka, sem í ákærunni er nr. 12. Í þeim kafla forsendnanna, sem fjallar um refsingar, skaðabætur o.fl., er síðan ekki getið tékka nr. 9, þó að í dómsorði segi, að ákærða beri að greiða andvirði hans. Í bréfi héraðsdómara til saksóknara 17. nóvember sl. segir, að fyrra atriðið stafi af mistökum við vélritun. Þessir ágallar þykja eigi leiða til ómerkingar héraðsdóms, og ber við ákvörðun refsingar og bóta að taka tillit til þessara tékka beggja.

Fyrrgreindur tékki, sem í ákæru er einkenndur með tölunni 12, er nr. 2261599 í tékkheftinu, út gefinn af ákærða til handhafa og að fjárhæð 16.500,00 krónur. Hann er framseldur af Leyser hf. Er leitt í ljós, að tékka þennan fyllti ákærði út og notaði til kaupa á segulbandstæki í verslun við Nóatún í Reykjavík.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm, að því er varðar sakfellingu og færlu til refsíákvæða.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt sakavottorð ákærða frá 28. nóvember sl. Kemur þar fram, að hann samþykkti að greiða 15.000,00 króna sekt með sátt í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 21. desember 1988 og 12.000,00 króna sekt með sátt, sem gerð var fyrir sama dómstóli 19. apríl 1989. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 11. október sl. var ákærða gerður hegningarauki við þá refsingu, sem hann sætti í hinum áfrýjaða dómi. Var hann þá dæmdur í 30 daga fangelsi fyrir skjalafals. Enn fremur hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Fangelsismálastofnunar ríkisins, dagsett 27. nóvember sl. Þar kemur fram, að ákærði hefur að fullu afplánað refsingu, sem dæmd var 30. júlí 1987, eftir að hann rauf skilorð reynslulausnar, er honum var veitt 14. nóvember 1987, eins og fram kemur í héraðsdómi.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af þeim hegningarlagaaðkvæðum, sem nefnd eru í héraðsdómi, hæfilega ákveðin fangelsi tíu mánuði.

Bótakröfur eru raktar í forsendum héraðsdóms að einni undanskilinni. Er það krafa frá Hagkaupum hf., að fjárhæð 10.000,00

krónur án vaxta. Krafan er hins vegar tekin til greina í dómsorði. Ber að staðfesta héraðsdóm, að því er bætur varðar, þó þannig, að vextir verða eins og segir hér á eftir. Ber að taka til greina kröfu ákærða um breytingu á vöxtum. Um upphafstíma vaxta er ekki deilt, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdómara um það atriði.

Ákærði verður dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Guðmundsson, sæti fangelsi tíu mánuði.

Ákvæði dómsorðs héraðsdóms um fébætur er staðfest, þó þannig, að vextir af kröfum Bifreiðastöðvar Íslands, Verslunarinnar Nóatúna og söluturnsins Nýju kúlunnar skulu vera hæstu innlánsvextir á hverjum tíma.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 28. mars 1989.

Ár 1989, þriðjudag 28. mars, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2786/1988: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Guðmundssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 10. október sl., höfðað gegn Jóhannesi Guðmundssyni, Köldukinn 25, Hafnarfirði, fyrir skjalafals og fjársvik með því að gefa út og nota í viðskiptum í maí 1988 eftirtalda tólf tékka á stolin eyðublöð úr tékkhefti frá Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, ýmist með eigin nafni eða fölsuðum undirskriftum og svikja þannig út fé. Tékkarnir eru allir til handhafa, nema annað sé nefnt, og notaði ákærði reikningsnúmerið 7316 á þá alla:

1. Nr. 2261583, 1.700,00 kr., gefinn út af ákærða 15. maí með eigin nafni og notaður til að greiða fyrir akstur í leigubíl.

2. Nr. 2261585, 3.000,00 kr., gefinn út af ákærða sama dag með fölsuðu nafni, Jón G. Gunnarsson, til Jóhannesar Guðmundssonar, og framselur ákærði tékkann með eigin nafni og kaupir vörur í söluturninum Helligstötu 18, Hafnarfirði.

3. Nr. 2261588, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út til sín sama dag með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í söluturninum Mávahlið 25, Reykjavík.

4. Nr. 2261589, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út til sín sama dag með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í biðskýlinu, Hvaleyrarholti, Hafnarfirði.

5. Nr. 2261590, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 16. maí með sömu fölsuðu undirskrift og notar í söluturninum Allra-bestu, Stigahlið 45-47, Reykjavík.

6. Nr. 2261591, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út til sín 16. maí með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar á Bifreiðastöð Íslands, Reykjavík.

7. Nr. 2261594, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út sama dag með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í Versluninni Nóatúnum, Laugavegi 116, Reykjavík.

8. Nr. 2261598, 10.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 17. maí með eigin nafni og framselur einnig og notar í söluturninum Nýju kúlunni, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík.

9. Nr. 2261600, 10.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út sama dag með eigin nafni og notar í versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, Reykjavík.

10. Nr. 2261593, 3.000,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 16. maí með sömu fölsuðu undirskrift og framselur með eigin nafni og notar í versluninni Austurstræti 17, Reykjavík.

11. Nr. 2261595, 5.500,00 kr. Ákærði gefur tékkann út 16. maí með eigin nafni og notar í versluninni Bílanausti hf., Borgartúni 26, Reykjavík.

Telst verknaður ákærða, sem nánar er lýst í töluliðum 2-7 og 10, varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, en í liðum 1, 8-9 og 11-12 við 248. gr. sömu laga.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 16. júlí 1961 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

[Sakavottorð tilgreinir 20 refsivistardóma, upp kveðna á árabílinu 1978-1987, fyrir auðgunarbrot o.fl., einnig 10 sektir skv. dómsátt, þar af tvær fyrir auðgunarbrot. Einnig segir, að 14. nóvember 1987 hafi ákærða verið veitt reynslulausn af eftirstöðvum refsingar, 120 dögum.]

Málavextir samkvæmt framburði ákærða, lögregluskýrslum og öðrum rannsóknargögnum eru þessir:

Helgina 13. til 15. maí 1988 var ákærði gestkomandi að Mávahlið 33, Reykjavík, hjá Unu Hrönn Kristinsdóttur, en þangað hafði hann á þessum tíma stundum komið á kvöldin. Í þetta skipti tók hann þar ófrjálsri hendi

tékkhefti Unu á Iðnaðarbanka Íslands hf., aðalbanka, en í því höfðu verið ávísanaeyðublöð nr. 2261576-600. Var þetta gamalt tékkhefti, sem Una hafði ekki notað lengi, og taldi hún, að reikningnum, sem hún fékk tékkheftið út á, hefði verið lokað. Á næstu dögum, frá 15. til 17. maí, gaf ákærði út 12 tékkávísanir úr heftinu, sem kært var út af til Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem þær voru ýmist falsaðar eða innstæðulausar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa gefið út þær 12 tékkávísanir, sem tilgreindar eru í ákæru, og notað þær í viðskiptum, eins og þar er greint, en hann kvað þeim þar í alla staði rétt lýst, og verður hér fylgt sömu númeraröð. Ákærði fyllti allar tékkávísanirnar út á tékkareikning nr. 7316, en þann reikning hafði hann einu sinni við Iðnaðarbankann hf., Hafnarfirði, en honum hafði löngu verið lokað vegna misnotkunar.

Tékkávísanirnar voru samtals að fjárhæð 64.700,00 kr. Fimm af tékkávísunum gaf ákærði út í eigin nafni, en hinar, í liðum nr. 2-7 og nr. 10 í ákæru, gaf ákærði út í nafni Jóns G. Gunnarssonar. Hann kvaðst hafa ritað þetta nafn af handahófi, og væri engin ákveðin persóna, sem hann hefði í huga á bak við það. Tékkana, sem ákærði gaf út í nafni Jóns G. Gunnarssonar, stílaði hann á sitt nafn og framseldi í eigin nafni nema tékka í lið 5, sem hann stílaði á handhafa og var ekki framseldur. Hina tékkana stílaði ákærði á handhafa og þurfti ekki að framselja nema einn þeirra, í lið 8, sem hann framseldi í eigin nafni. Með notkun tékkanna 12 í viðskiptum fékk ákærði andvirði þeirra í vörum, þjónustu eða peningum, sem hann notaði í eigin þágu. Hann gat þess ekki í neinu tilviki við viðtakendur tékkanna, að innstæðu skorti fyrir þeim.

Með verknæði þessum, sem sannaður er með játningu ákærða og öðrum gögnum, hefur ákærði gerst sekur um skjalafals og fjársvik, svo sem rakið er í ákæru, og varða brotin í liðum 2-7 og 10 við 1. mgr. 155. gr., en hin við 248. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsingar, skaðabætur o.fl.

Ákærði er síbrotamaður, svo sem sjá má af sakaferli hans, og þykir refsing hans samkvæmt framangreindum ákvæðum almennra hegningarlaga og með hliðsjón af 72. gr., 77. gr. og 255. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði.

Eftirtaldir aðilar hafa gert bótakröfur vegna brota ákærða:

- | | |
|---|--------------|
| 1. Eggert Víkings, Gnoðarvogi 78, Reykjavík,
kt. 090924-3899 | 1.700,00 kr. |
| 2. Söluturninn Hellisgötu 18, Hafnarfirði,
kt. 171262-4459 | 3.000,00 — |

3. Söluturninn Mávahlið 25, Reykjavík, kt. 501183-0169	3.000,00 kr.
4. Biðskýlið á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði, kt. 510178-0929	3.000,00 —
5. Söluturninn Allra-best, Stigahlið 45-47, Reykjavík, kt. 590587-1439	3.000,00 —
6. Bifreiðastöð Íslands hf., Reykjavík, nnr. 1108-5814	3.000,00 —
7. Verslunin Nóatún hf., Reykjavík, nnr. 9347-3434	3.000,00 —
8. Söluturninn Nýja kúlan, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík, nnr. 9347-1261	10.000,00 —
10. Verslunin Austurstræti 17, Reykjavík,	3.000,00 —
11. Bílanaust hf., Borgartúni 26, Reykjavík	5.500,00 —
12. Iðnaðarbanki Íslands hf., Lækjargötu 12, Reykjavík	16.500,00 —

Kröfuhafar í liðum 1-5 og 10-11 gera og kröfur um vexti og dráttarvexti samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr., vaxtalaga, nr. 25/1987, til greiðsludags. Í liðum 6-8 krefjast kröfuhafar dómvaxta frá sýningardegi tékkanna til greiðsludags, og í lið 12 krefst kröfuhafi dráttarvaxta frá 18.5.1988 til greiðsludags, sbr. 2. tl. 45. gr. l. nr. 94/1933, og vaxtavaxta, sbr. 12. gr. laga nr. 25/1987.

Ákærði hefur samþykkt allar þessar kröfur, og þykir mega taka þær til greina, og greiði ákærði auk fjárhæðar tékkanna dráttarvexti af þeim nema kröfu í lið 9 frá sýningardegi til greiðsludags skv. 15. gr., sbr. 10. gr., laga nr. 25/1987, og er heimilt að bæta dráttarvöxtum við höfuðstól á 12 mánaða fresti skv. 12. gr. sömu laga.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Guðmundsson, sæti fangelsi 14 mánuði.

Ákærði greiði Eggert Víkings, Gnoðarvogi 78, Reykjavík, 1.700,00 kr., Söluturninum Hellisgötu 18, Hafnarfirði, 3.000,00 kr., Söluturninum Mávahlið 25, Reykjavík, 3.000,00 kr., Biðskýlinu á Hvaleyrarholti, Hafnarfirði, kt. 510178-0929, 3.000,00 kr., Söluturninum Allra-bestu, Stigahlið 45-47, Reykjavík, kt. 590587-1439, 3.000,00 kr. Bifreiðastöð Íslands hf., Reykjavík, nnr. 1108-5814, 3.000,00 kr., Versluninni Nóatúnum hf., Reykjavík, nnr. 9347-3434, 3.000,00 kr., Söluturninum Nýju kúlunni, Réttarholtsvegi 1, Reykjavík, nnr. 9347-1261, 10.000,00 kr., Versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, Reykjavík, 10.000,00 kr., Versluninni Austurstræti 17, Reykjavík, 3.000,00 kr.,

Bílanausti hf., Borgartúni 26, Reykjavík, 5.500,00 kr. og Iðnaðarbankanum hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, 16.500,00 kr.

Ákærði greiði af öllum þessum kröfum nema kröfu Hagkaupa dráttarvexti skv. 15. gr., sbr. 10. gr., laga nr. 25/1987, frá sýningardegi tékkanna til greiðslu krafanna, og er heimilt að bæta dráttarvöxtum við kröfur þessar á 12 mánaða fresti skv. reglum 12. gr. laga nr. 25/1987.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
